

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 26. júní 2018
UST201806-112/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Krýsuvík - Vatnslögn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hafnafjarðarkaupstaðar, dagsett 8. júní 2018, um lagningu vatnslagnar, innan Reykjanesfólkvangs í júlí eða ágúst 2018.

Reykjanefolkvangur er friðlýstur sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Allt jarðrask innan fólkvangsins er bannað nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að leggja 50mm PEH vatnslögn frá safntanki við Krýsuvíkurkóla að Seltúni í vegöxl Krýsuvíkurvegar. Öll framkvæmdin er innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar. Verkið mun taka eina viku og mun fara fram í júlí eða ágúst 2018 og verða 5-6 starfsmenn sem vinna að því. Ekki er þörf á að setja upp nein mannvirki vegna framkvæmdarinnar. Með umsókninni fylgir umsögn Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum, en þar sem lögnin verður plægð í vegkant fellur hún ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Einnig fylgir umsókninni lofmyndakort þar sem búið er að merkja inn á lagnaleiðina.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur út frá gögnum málsins að framkvæmdin sé ekki til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Farið verður um veghelgunarsvæði sem er svæði sem hefur nú þegar verið raskað og neikvæð áhrif framkvæmdarinnar því minniháttar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir plægingu 50 mm PEH vatnslagnar milli Krýsuvíkurkóla og Seltúns að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólk þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er landverði heimilt að stöðva verkefnið ef hann telur að af henni stafi yfirvofandi hætta á verulegu tjóni á náttúru Íslands.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfullst



Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur